

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn 17. apríl 2023 kl. 15.00 2023

Mættir: Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir foreldrafulltrúi, Hrönn Guðfinnsdóttir kennarafulltrúi, Eva Káradóttir kennari, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Skólastjóri bauð skólaráðsmenn velkomna til fundar og bauð gleðilegt ár. Gengið til dagskrár.

1. Skóladagatal 2023-2024

Skólastjóri fór yfir skóladagatal næsta skólaárs sem hefur verið í undirbúningsferli síðustu mánuði. Um er að ræða lokaafrakstur samstarfs við leikskólann og nágrannaskóla ásamt FSU, eins og hægt er.

2. Foreldrakönnun Skólapúlsins

Skólastjóri kynnti niðurstöður foreldrakönnunar sem fór fram í febrúar sl. Niðurstöður bárumst skólanum 24. mars sl. og voru niðurstöður kynntar starfsmönnum á starfsmannafundi 28. mars. Þegar á heildina er litið getum við vel unað við niðurstöðurnar þrátt fyrir að við þurfum að bæta ákveðna hluti. Óánægja er með hve lengi tekur að vinna í eineltismálum og einnig mælist óánægja með mötuneyti skólans.

3. Önnur mál

Rætt um opinn fund Skólaráðs sem verður í maí nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:25
Jónína Magnúsdóttir, fundarritari